# Samherji hf.

## Árshlutareikningur samstæðunnar

## 30. júní 2006

Samherji hf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

kt. 610297-3079

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .... 2

Áritun endurskoðenda ............................ 3

Rekstrarreikningur ................................. 4

Efnahagsreikningur .............................. 5

Yfirlit um sjóðstreymi .......................... 7

Skýringar ............................................ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess sem voru ellefu í lok tímabilsins. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 10. ágúst 2006 voru gerðar breytingar á samþykktum þess. Þær breytingar fela meðal annars í sér að hlutafé félagsins var lækkað um 760,0 millj. kr. í framhaldi af staðfestingu á samruna félagsins við Fjárfestingafélagið Fylki ehf. og er nafnverð hlutafjár í félaginu nú 880,0 millj. kr. samkvæmt samþykktum þess. Jafnframt var fjölda stjórnarmanna í félaginu breytt og þeim fækkað úr fimm í þrjá, auk annarra breytinga sem af því leiða. Aðalfundurinn samþykkti tillögu um greiðslu 50,0% arðs af nafnverði hlutafjár vegna rekstrarársins 2005.

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nam tap af rekstri á fyrri árshelmingi 484,8 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok júní 2006 nam 7.277,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og forstjóri Samherja hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Akureyri 29. ágúst 2006.

***Í stjórn félagsins:***

Eiríkur S. Jóhannsson

Óskar Magnússon

Kristján Vilhelmsson

***Forstjóri:***

Þorsteinn Már Baldvinsson

# Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Samherja hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Samherja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006. Reikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 28. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Akureyri 29. ágúst 2006.

Arnar Árnason

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2006

| | Skýr. | Fyrri árshelmingur 1. janúar - 30. júní 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur landvinnslu | 5 | 3.465.085 | 3.339.500 |
| Tekjur útgerðar | 5 | 5.215.018 | 4.945.187 |
| Innlagður eigin afli | 5 | ( 609.127) | ( 657.598) |
| Vörusala | | 3.305.848 | 3.417.279 |
| Aðrar tekjur | | 448.157 | 22.575 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 658.950 | 560.083 |
| | | 12.483.931 | 11.627.026 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Framleiðslukostnaður | | 2.552.162 | 2.917.626 |
| Innlagður eigin afli | 5 | ( 609.127) | ( 657.598) |
| Útgerðarkostnaður | | 3.677.366 | 3.862.106 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 3.249.006 | 3.248.405 |
| Sameiginlegur kostnaður | | 314.077 | 277.639 |
| | | 9.183.484 | 9.648.178 |
| Hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar | | 3.300.447 | 1.978.848 |
| Afskriftir | 16 | ( 833.819) | ( 674.098) |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 2.466.628 | 1.304.750 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur og arður | | 139.825 | 81.023 |
| Hagnaður af sölu eignarhluta og niðurfærsla | | ( 17.304) | ( 42.240) |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 921.079) | ( 328.456) |
| Gengismunur | | ( 1.926.402) | 45.108 |
| | | ( 2.724.960) | ( 244.565) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 122.095) | 312.296 |
| (Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt | | ( 380.427) | 1.372.481 |
| Tekjuskattur | 12,25 | ( 15.344) | ( 317.183) |
| (Tap) hagnaður án hlutdeildar minnihluta | | ( 395.771) | 1.055.298 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 89.065) | 10.093 |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | 23 | ( 484.836) | 1.065.391 |
| **Hagnaðarhlutur:** | | | |
| (Tap) hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 6 | ( 0,55) | 0,64 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Aflaheimildir | | 10.114.608 | 8.381.025 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 92.936 | 109.614 |
| | 7,14 | 10.207.544 | 8.490.639 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | | 882.778 | 887.288 |
| Fiskiskip | | 6.194.747 | 5.476.424 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 1.143.673 | 1.122.486 |
| | 8,15 | 8.221.198 | 7.486.198 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 18 | 3.730.722 | 4.083.473 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 19 | 6.797.883 | 407.053 |
| Lán til hlutdeildarfélaga | 20 | 26.877 | 32.365 |
| Aðrar langtímakröfur | | 44.589 | 37.949 |
| | | 10.600.071 | 4.560.840 |
| Birgðir til langs tíma: | | | |
| Birgðir af eldisfiski og seiðum | 11,21 | 282.470 | 108.826 |
| Fastafjármunir | | 29.311.283 | 20.646.503 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | 11,21 | 4.505.175 | 3.545.086 |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur | | 4.130.604 | 2.919.962 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | | 860.445 | 656.412 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 938.003 | 603.525 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 185.243 | 59.102 |
| Handbært fé | | 955.431 | 257.135 |
| Veltufjármunir | | 11.574.901 | 8.041.222 |
| **Eignir samtals** | | 40.886.184 | 28.687.725 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | 22 | 875.128 | 871.491 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 1.217.678 | 1.180.040 |
| Lögbundinn varasjóður | | 86.912 | 86.912 |
| Óráðstafað eigið fé | | 5.098.019 | 4.955.875 |
| Eigið fé | 23 | 7.277.737 | 7.094.318 |
| **Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga** | | 629.767 | 360.697 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 24 | 191.439 | 148.511 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12,25 | 2.348.612 | 2.315.388 |
| | | 2.540.051 | 2.463.899 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldabréfalán | | 572.586 | 704.141 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 20.540.189 | 6.707.817 |
| | 26 | 21.112.775 | 7.411.958 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 4.010.338 | 7.195.505 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.621.199 | 1.526.998 |
| Skuldir við hlutdeildarfélög | | 205.452 | 270.376 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | | 1.776.807 | 1.161.871 |
| Skattar tímabilsins | | 211.797 | 188.674 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.500.261 | 1.013.429 |
| | | 9.325.854 | 11.356.853 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 32.978.680 | 21.232.710 |
| **Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals** | | 40.886.184 | 28.687.725 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2006

| | Skýr. | 2006<br>1.1. - 30.6. | 2005<br>1.1. - 30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | 23 | ( 484.836) | 1.065.391 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Hagnaður af sölu eigna og niðurfærsla eignarhluta | | ( 671.083) | ( 517.701) |
| Afskriftir | 16 | 833.819 | 674.098 |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda og -krafna | | 1.926.448 | 2.929 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 122.095 | ( 312.296) |
| Aðrir liðir | | ( 401.562) | 125.960 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.324.881 | 1.038.381 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 1.276.815) | ( 623.695) |
| Handbært fé frá rekstri | | 48.066 | 414.686 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 14 | ( 82.643) | ( 86.864) |
| Söluverð óefnislegra eigna | | 747.506 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 15 | ( 142.715) | ( 375.368) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 19.193 | 1.043.757 |
| Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum (að frádregnu handbæru fé við yfirtöku) | | ( 1.526.218) | ( 552.183) |
| Söluverð eignarhluta í dótturfélögum | | 67.500 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | ( 6.320.883) | ( 518.796) |
| Söluverð eignarhluta í öðrum félögum | | 0 | 1.654 |
| Langtímakröfur, (hækkun) | | ( 30.749) | ( 85.432) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 778.278) | ( 257.334) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 8.047.287) | ( 830.566) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Eigin hlutabréf, breyting | 23 | 41.275 | 0 |
| Arður til hluthafa | 22 | 0 | ( 498.000) |
| Breyting á hlutdeild minnihlutaeigenda | | 36.276 | 26.472 |
| Tekin ný langtímalán | | 12.811.726 | 1.500.000 |
| Afborganir langtímalána | | ( 906.082) | ( 1.874.749) |
| Skammtímalán, (lækkun) hækkun | | ( 3.337.976) | 1.429.351 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 8.645.219 | 583.074 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 645.998 | 167.194 |
| **Gengismunur á handbæru fé erlendra dótturfélaga** | | 52.298 | ( 4.166) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 257.135 | 384.407 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 955.431 | 547.435 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Árshlutareikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Árshlutareikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok júní 2006. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Ársreikningar erlendra dótturfélaga*

3. Starfsemi samstæðunnar erlendis er talin aðskiljanlegur hluti frá starfsemi móðurfélagsins. Í samræmi við það eru eignir og skuldir erlendra dótturfélaga umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok tímabilsins. Tekjur og gjöld erlendu dótturfélaganna eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður meðal eigin fjár. Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarfélaga er færð með sambærilegum hætti.

### *Afleiðusamningar*

4. Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna og skulda. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar sem notaðir eru til að verja framtíðarviðskipti eru færðir í reikningsskil félagsins á sama tíma og viðskiptin sem varin eru.

### *Innlausn tekna*

5. Í þeim tilvikum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært við löndun afla og gjaldfært sem framleiðslukostnaður. Aflaverðmæti frystitogara er tekjufært á áætluðu meðalframleiðslukostnaðarverði. Framleiðsla landvinnslu er tekjufærð miðað við meðalframleiðslukostnaðarverð. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt skilaverð.

### *Hagnaðarhlutur*

6. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar (taps) og vegins meðaltals hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn (tapið) er á hverja krónu hlutafjár. Tap tímabilsins nam 484,8 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 875,1 millj. kr.

### *Óefnislegar eignir*

7. Keyptar varanlegar aflaheimildir auk yfirverðs vegna fjárfestinga í eignarhlutum í dótturfélögum, sem tengist fjárfestingum í fyrrgreindum eignum, eru færðar undir liðinn óefnislegar eignir. Aflaheimildir eru færðar til gjalda á sautján árum en yfirverð vegna dótturfélaga, sem einkum er tilkomið vegna aflaheimilda og veiðileyfa, er fært til gjalda á tuttugu árum. Aflaheimildir dótturfélaga í fiskveiðilögsögu erlendis eru færðar til eignar meðal óefnislegra eigna. Við gerð samstæðureiknings eru þessar aflaheimildir afskrifaðar með sambærilegum hætti og hjá móðurfélaginu. Viðskiptavild vegna fjárfestinga í öðrum dótturfélögum auk stofnkostnaðar þeirra, er færð undir liðinn aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á fimm árum.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

8. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................ | 25 ár |
| Fiskiskip ........................................ | 17 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ........................................ | 3 - 8 ár |

### *Dótturfélög*

9. Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Sá hluti yfirverðs sem tengist aflaheimildum er í samstæðureikningnum færður til hækkunar á þeim og afskrifaður með sambærilegum hætti. Annað yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á fimm árum.

### *Hlutdeildarfélög*

10. Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs og er yfirverðið gjaldfært á fimm til sautján árum.

### *Birgðir*

11. Birgðir sjávarafurða eru metnar til eignar á meðalframleiðslukostnaðarverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Birgðir af eldisfiski og seiðum eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði eða áætluðu dagverði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Eldisfiskur og seiði, sem ekki er áætlað að selja innan tólf mánaða, eru færð undir liðinn birgðir meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi en eldisfiskur og seiði, sem áætlað er að selja á næstu tólf mánuðum, eru færð meðal veltufjármuna. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Veiðarfæri sem komin eru í notkun, eru metin á helmingi kaupverðs. Birgðabreyting fullunninna afurða er færð meðal rekstrartekna en birgðabreyting eldisfiskjar, seiða og rekstrarvara er færð meðal rekstrargjalda. Áhætta í mati á lífmassa er eðlislæg í fiskeldisiðnaðinum.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

12. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi.

### Árshelmingayfirlit

13. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

| | Fyrri árs-helmingur 2006 | Seinni árs-helmingur 2005 | Fyrri árs-helmingur 2005 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 12.483.931 | 9.663.553 | 11.627.026 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | ( 9.183.484) | ( 7.721.767) | ( 9.648.178) |
| Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) | 3.300.447 | 1.941.786 | 1.978.848 |
| Afskriftir | ( 833.819) | ( 785.112) | ( 674.098) |
| Rekstrarhagnaður (EBIT) | 2.466.628 | 1.156.674 | 1.304.750 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 2.724.960) | 1.472.011 | ( 244.565) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | ( 122.095) | ( 117.483) | 312.296 |
| Tekjuskattur | ( 15.344) | ( 521.259) | ( 317.183) |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga | ( 89.065) | 48.459 | 10.093 |
| (Tap) hagnaður | ( 484.836) | 2.038.402 | 1.065.391 |

### Óefnislegar eignir

14. Á tímabilinu voru seldar varanlegar aflaheimildir og veiðiréttindi og nam hagnaður af sölunni 661,9 millj. kr. Óefnislegar eignir í lok júní greinast þannig:

| | Aflaheimildir | Aðrar óefnis-legar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2006 | 8.381.025 | 109.614 | 8.490.639 |
| Yfirtekið frá dótturfélögum | 1.449.793 | 0 | 1.449.793 |
| Viðbót á tímabilinu | 82.543 | 100 | 82.643 |
| Gengismunur á tímabilinu | 708.766 | 0 | 708.766 |
| Selt á tímabilinu | ( 103.361) | 0 | ( 103.361) |
| Gjaldfært á tímabilinu | ( 404.158) | ( 16.778) | ( 420.936) |
| Bókfært verð 30.6.2006 | 10.114.608 | 92.936 | 10.207.544 |

### Varanlegir rekstrarfjármunir

15. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Fiskiskip | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2006 | 1.657.355 | 8.611.738 | 3.058.341 | 13.327.434 |
| Afskriftir samtals 1.1.2006 | ( 770.067) | ( 3.135.314) | ( 1.935.855) | ( 5.841.236) |
| Bókfært verð 1.1.2006 | 887.288 | 5.476.424 | 1.122.486 | 7.486.198 |
| Yfirtekið frá dótturfélögum | 0 | 512.713 | 1.250 | 513.963 |
| Gengismunur á tímabilinu | 59 | 492.559 | 19.373 | 511.991 |
| Viðbót á tímabilinu | 22.096 | 0 | 120.619 | 142.715 |
| Selt á tímabilinu | ( 333) | ( 19.325) | ( 1.128) | ( 20.786) |
| Afskrifað á tímabilinu | ( 26.332) | ( 267.624) | ( 118.927) | ( 412.883) |
| Bókfært verð 30.6.2006 | 882.778 | 6.194.747 | 1.143.673 | 8.221.198 |
| Afskriftahlutföll | 4% | 6-33% | 12-33% | |

16. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nema 833,8 millj. kr. og greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 15 | 412.883 |
| Afskriftir aflaheimilda og annarra óefnislegra eigna sbr. skýringu 14 | 420.936 |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 833.819 |

## Áhættufjármunir

### *Eignarhlutir í dótturfélögum*

17. Dótturfélög Samherja hf. voru ellefu í lok júní. Í ársbyrjun keypti UK Fisheries Ltd. sem er í 50,0% eigu Onward Fishing Company Ltd., allt hlutafé í J. Marr Fishing Ltd. og er það félag hluti af samstæðureikningi UK Fisheries Ltd. frá og með 1. febrúar 2006. Á tímabilinu keypti Samherji hf. 32,6% hlut í Rifi ehf. í Hrísey en félagið átti fyrir 49,0% hlut í því félagi og er Rif ehf. því nú í fyrsta sinn fært á meðal dótturfélaga. Hjalteyrin útgerðarfélag ehf. sem er að fullu í eigu Samherja hf. er einnig í fyrsta skipti hluti af samstæðureikningi félagsins en það félag hóf rekstur í ársbyrjun 2006. Á tímabilinu seldi félagið 12,5% hlut í dótturfélaginu Seagold Ltd. Á tímabilinu var beinn eignarhlutur Samherja hf. í dótturfélaginu Atlantex sp. z.o.o. seldur til dótturfélags í Þýskalandi.

| Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig: | Eignar-hluti |
|---|---|
| CR Cuxhavener Reederei GmbH, Þýskalandi | 100,0% |
| Fjárfestingafélagið Krossanes hf., Akureyri | 100,0% |
| Sp/f FramInvest, Færeyjum | 73,3% |
| Hjalteyrin, útgerðarfélag ehf. | 100,0% |
| Icefresh GmbH, Þýskalandi | 85,0% |
| Oddeyri ehf., Akureyri | 100,0% |
| Onward Fishing Company Ltd., Bretlandi | 100,0% |
| Rif ehf., Hrísey | 81,6% |
| Seagold Ltd., Bretlandi | 62,5% |
| Silfurstjarnan hf., Öxarfirði | 19,8% |
| Snæfugl ehf., Fjarðabyggð | 59,0% |

### *Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum*

| 18. Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum greinast þannig: | Eignar-hluti |
|---|---|
| Eldar ehf., Reykjavík | 32,0% |
| Framherji Sp/f., Færeyjum | 33,3% |
| Seley ehf., Neskaupstað | 30,0% |
| Síldarvinnslan hf., Neskaupstað | 47,7% |
| SR-mjöl hf., Reykjavík | 20,0% |
| Sæból ehf., Grundarfirði | 47,0% |

### *Eignarhlutir í öðrum félögum*

19. Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignar-hluti | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Kaupþing banki hf. | 1,2% | 6.186.030 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 553.487 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals | | 6.797.883 |

Bókfært verð eignarhluta í félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkaði nam 6.290,2 millj. kr. í lok tímabilsins. Markaðsverð þeirra nam 6.124,7 millj. kr. á sama tíma. Ekki er talið að um varanlega lækkun á markaðsverði sé að ræða og því er bókfært verð þessara eignarhluta ekki fært niður í árshlutareikningnum. Markaðsverð eignarhlutanna hefur hækkað verulega frá lokum júní og nemur í lok ágúst um 6.619,2 millj. kr.

### Langtímakröfur

20. Yfirlit um lán til hlutdeildarfélaga:

Lánin greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | |
|---|---|
| Kröfur í CAD | 24.762 |
| Kröfur í DKK | 427.303 |
| Kröfur í EUR | 26.512 |
| Kröfur í CHF | 5.039 |
| Næsta árs afborganir | ( 456.739) |
| Lán til hlutdeildarfélaga í efnahagsreikningi samtals | 26.877 |

### Birgðir

21. Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Birgðir fullunninna afurða | 2.830.550 |
| Birgðir af eldisfiski og seiðum | 1.077.525 |
| Rekstrarvörubirgðir | 597.100 |
| Birgðir færðar meðal veltufjármuna | 4.505.175 |
| Birgðir af eldisfiski og seiðum færðar meðal fastafjármuna | 282.470 |
| Birgðir samtals | 4.787.645 |

### Eigið fé

22. Aðalfundur Samherja hf. sem haldinn var þann 10. ágúst 2006, samþykkti tillögu um lækkun hlutafjár félagsins og er lækkunin gerð í framhaldi af staðfestingu á samruna Samherja hf. og Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. Eftir lækkunina nemur heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins 880,0 milljónum króna að nafnverði. Í lok tímabilsins átti félagið eigin bréf að nafnverði 4,9 millj. kr. Aðalfundurinn staðfesti einnig tillögu stjórnar um greiðslu 50,0% arðs vegna rekstrarársins 2005.

23. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 871.491 | 1.180.040 | 86.912 | 4.955.875 | 7.094.318 |
| Innborgað hlutafé | 3.637 | 37.638 | | | 41.275 |
| Tap tímabilsins | | | | ( 484.836) | ( 484.836) |
| Gengismunur erlendra eigna | | | | 626.980 | 626.980 |
| Eigið fé 30.6.2006 | 875.128 | 1.217.678 | 86.912 | 5.098.019 | 7.277.737 |

## Skuldbindingar

24. Dótturfélög erlendis hafa gert eftirlaunasamninga við fyrrverandi og núverandi starfsmenn og nema áunnin eftirlaunaréttindi 191,4 millj. kr. í lok tímabilsins.

25. Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 2.348,6 millj. kr. í lok tímabilsins. Breyting skuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2006 | 2.315.388 |
| Yfirfært frá dótturfélögum | 151.593 |
| Tekjuskattur tímabilsins | 15.344 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 | ( 210.092) |
| Gengismunur tímabilsins og aðrar breytingar | 76.379 |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins | 2.348.612 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | |
|---|---|
| Óefnislegar eignir | 1.247.559 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 846.264 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 619.008 |
| Aðrir liðir efnahagsreiknings | 19.123 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 383.342) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins | 2.348.612 |

## Langtímaskuldir

26. Langtímaskuldir samstæðunnar greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

| | |
|---|---|
| Lán í JPY | 1.299.005 |
| Lán í USD | 2.569.179 |
| Lán í EUR | 4.065.857 |
| Lán í CHF | 3.402.816 |
| Lán í GBP | 3.730.107 |
| Lán í NOK | 298.036 |
| Lán í SEK | 506.771 |
| Lán í RFI | 35.898 |
| Lán í erlendum gjaldmiðlum samtals | 15.907.669 |
| Verðtryggð lán í íslenskum krónum | 850.147 |
| Óverðtryggð lán í íslenskum krónum | 6.131.766 |
| Langtímaskuldir alls, þar með taldar næsta árs afborganir | 22.889.582 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.776.807) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 21.112.775 |

## Afleiðusamningar

27. Félagið hefur gert gjaldeyrissamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu eigna og skulda. Hér er um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasamsetningar félagsins. Staða samninganna í lok tímabilsins er jákvæð um 216,7 millj. kr. og er sú fjárhæð færð til eignar í efnahagsreikningi.

Félagið hefur gert mynt- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Færsla vaxta í árshlutareikningi miðast við samningana og tekið er tillit til þeirra við skiptingu lána eftir myntum í skýringu 26.

## Önnur mál

28. Í júlí keypti félagið nýtt skip, Margréti EA-710. Kaupverð skipsins nam um 915,0 millj. kr.